



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
í tilefni af nýjum byggðakjarna
á jörðinni Hamborg
í Fljótsdal
12. ágúst 2025**

Ágætu Fljótsdælingar, góðir gestir.

Það er mér mikil ánægja að fá að vera með ykkur hér í dag og samfagna nýjasta byggðakjarna landsins sem rís hér í Fljótsdal.

Hér, þar sem við stöndum og horfum til fjalla og fallvatna, er gróðursæll dalur enda leggja tugþúsundir gesta hingað leið sína á hverju ári til að njóta náttúrufegurðar og menningarlífs. Fljótsdalur er sannarlega góður heim að sækja og greinilegt að hér býr og starfar stórhuga fólk.

Ég heimsótti nokkra af frumkvöðlum svæðisins nú í morgun og hef fræðst um hvernig þau hafa látið hugmyndir sínar verða að veruleika, lagt sig fram um að nýta landsins gæði á ábyrgan hátt til að skapa vörur og atvinnu, og styrkja vitund okkar um mikilvægi góðrar umgengni við náttúruna. Hér í þessu kraftmikla samfélagi er góð blanda þeirra sem hafa ræktað þetta land og gætt þess um langa hríð og aðkomufólks sem séð hefur möguleika í sögu, náttúru og hefðum svæðisins.

Á tímum þar sem mikið er rætt um fækkun fólks og starfa á landsbyggðinni er einkar ánægjulegt að sækja heim samfélög sem horfa til framtíðar og sjá möguleika í breytingum og framþróun; samfélög sem vilja styðja við atvinnuuppbyggingu og horfa um leið til ólíkra þarfa íbúanna með því að bjóða upp á góða og fjölbreytta búsetukosti.

Það sem við sjáum rísa hér, byggðakjarna fyrir 26 íbúðir til að byrja með, er til marks um þróun sem sést víðar um landið. Æ fleiri vilja búa fjarri skarkala þéttbýlisins og njóta náttúrufegurðar en vera þó í seilingarfjarlægð frá fjölbreyttum atvinnutækifærum og þjónustu. Víða spretta upp byggðir nærri þjónustukjörnum en þeir eru færri staðirnir þar sem samfélagið hefur þróað með jafnmarkvissum hætti skipulag, hugmyndafræði og hönnun slíkrar byggðar.

Það er greinilegt að hér hefur verið lögð mikil vinna í verkferlið, allt frá staðarvali til hönnunar gatnakerfis og húsa. Hér munu rísa hús af ýmsum stærðum og gerðum. Eitt þeirra verður væntanlega fyrsta íbúðarhús landsins sem eingöngu er reist úr íslenskum viði. Þar skiptir sköpum að fjölskyldufyrirtækið Skógarafurðir, sem starfrækt er hér skammt frá, hefur nýverið fengið vottun fyrir burðarvirki úr viði. Efniviðurinn mun koma héðan úr dalnum, enda að því stefnt að kolefnisspor þessarar nýju byggðar verði sem lægst. Þá er lögð áhersla á að orkunýting verði góð og uppbygging í góðri sátt við umhverfið. Hér verða til dæmis möguleikar á að halda hesta og hænur og stunda ræktun í smáum stíl.

Það er mér mikil ánægja að fá að taka skóflustunguna að fyrsta íbúðarhúsinu hér í dag. Þetta er hús Steinunnar Ingimarsdóttur sem er fædd og uppalin hér í dalnum. Steinunn hefur staðfastlega lýst því yfir að hún ætlaði að snúa aftur í Fljótsdal um leið og nýr kjarni risi og nú er þess skammt að bíða að henni verði að ósk sinni. Hún verður áður en langt um líður fyrsta frúin í Hamborg!

Til hamingju Steinunn, til hamingju allir íbúar Fljótsdals.